

LANGANESBYGGÐ



Fundargerð 5. fundar velferðarnefndar Fundur haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3 Þórshöfn

Mætt eru: Jón Gunnþórsson, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Halldóra Friðbergsdóttir sem ritar fundargerð.

Fundur settur kl. 15:00.

Dagskrá

- 1) Frístundastyrkir og mótun lýðheilsustefnu
 - a. Frístundastyrkir. Nefndin styður að teknir verði upp frístundastyrkir í Langanesbyggð, en nefndin myndi vilja hafa aldursbilið frá 4-18 ára. Mikilvægt að settar verði skýrar reglur um úthlutun á styrkjum.
 - b. Mótun lýðheilsustefnu- leggur til að unnið verði að lýðheilsustefnu fyrir sveitarfélagið og tekið tillit til þess við gerð næstu fjárhagsáætlunar.
 - c. Aðgengi fatlaðra að húsnæði sveitarfélagsins
Nefndin leggur til skoðað verði að taka út aðstöðu fatlaðra í sveitarfélaginu og unnin verði áætlun um endurbætur og þær settar í vinnu við fjárhagsáætlun 2018.
 - d. Aðgangskerfi að íþrótt- og tækjasal
Nefndin minnir sveitarstjórn á að samþykkt var á fundi í júní að stækka tækjasal og auka aðgengi fólks að tækjasalum. Ekkert hefur gerst í þessu máli í sumar.
- 2) Fyrri fundargerðir – helstu mál sem tekin hafa verið til umræðu:
Málin rædd sem ekki hafa komist til framkvæmda
- 3) Fjárhagsáætlun og verkefni 2018
Gera þarf ráð fyrir peningum til að gera aðstöðu fyrir eldri borgara .
- 4) Önnur mál.
Húsnæði fyrir eldri borgara rædd lítillega.

Fundi slitið 16:17.